

Skýrsla Keppnisnefndar starfsárið 2016 – 2017

Í nefndinni sitja 7 aðilar. Það eru Sigurður Ævarsson form, Hulda Gústafsdóttir ritari og sportfulltrúi Íslands hjá FEIF, G Snorri Ólason, Ágúst Hafsteinsson, Súsanna Sand Ólafsdóttir, Þórir Örn Grétarsson og Ólafur Þórisson. Þessi hópur kemur m.a úr stjórnnum beggja dómarafélaganna, stjórn Félags Tamningamanna, FT og stjórn LH. Þetta er hópur með mjög breiða aðkomu að mótahaldi, keppni og dómstörfum, sem gerir alla vinnuna faglega og skemmtilega. Hópurinn er að mínu mati sérlega öflugur og þakka ég þeim kærlega fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Á árinu eftir LH þing liggja alltaf fyrir mörg mál sem þarf að koma inni reglupakkann. Þessi mál eru misvel unnin frá þinginu og er oft ansi mikið torf að koma þessu heim og saman svo vel fari, en nýr reglupakki leit dagsinns ljós fyrir 1. apríl eins og vera á. Ný stofnuð laganefnd var okkur innnan handar og funduðum við með henni og fulltrúum stjórnar LH áður en reglurnar voru gefnar út til að allt væri skýrt og klárt. Laganefnd vill láta bæta vinnubrögð við reglupakkann og tillögugerð fyrir þing sem er vel og væntum við mikils af þeirra vinnu við gerð og eftir atvikum endurritun á reglum.

Mikil gróska er í skeiðkappreiðum og er það vel. Sótt var um 2 met til stjórnar og venju samkvæmt fær Keppnisnefnd málin til umsagnar. Þar komum við aftur að því að reglurnar eru ekki fullkomlega afdráttarlausar og skýrar, en ferlið sem verið hefur í gangi er skýrt varðandi kröfur til mótshaldara. Því miður vantaði vindmælingu með vindmæli á kappreiðastað á aðra umsóknina og því var henni hafnað af okkar hálfu en hin uppfyllti öll skilyrði og fékk samþykki okkar. Farin er af stað vinna til að áréttu hvað þarf að vera til staðar svo að met fáist staðfest. Þetta er ekki fullkomlega skýrt heldur í reglum FEIF sem við erum undir og miðum við en við komum með tillögur til úrbóta í haust bæði til LH og FEIF.

Reglur um spjaldanotkun í keppni á hestum eru óskýrar og er nefndin að vinna tillögur til að skýra þær. Þessi vinna fer væntanlega til umræðu á haustfundi Feif og verður í framhaldinu borið upp á þingi til samþykktar, en það ferli tekur minnst eitt ár. Nefndin hefur verið ötul við að koma okkar málefnum á framfæri við Sportnefnd Feif og eru sér íslenskum reglum að fækka mikið í okkar pakka.

Nefndin sendi bréf til dómarafélagana sl vor í framhaldi á umræðum sem voru á LH þingi sl haust um að félögin skerptu á aga og siðareglum sínum, keppnisnefnd vill leggja sitt að mörkum ef efla mætti samstarf dómarafélagana

um þessi brýnu mál og ekki væri óeðlilegt að samræma siðareglur og jafnvel vera með sameiginlega siða/aganefnd innan félaganna. Allt samstarf nefnda félaga og hópa innan þessa geira er af hinu góða og fleytir okkur fram á veginn.

Keppnisnefnd er samkvæmt skipuriti ráðgefandi um framkvæmd reglna og erum við í miklu sambandi við bæði mótshaldara og keppendur yfir keppnistímabilið, við leggjum mikla áherslu á að farið sé eftir öllum reglum og að sami skilningur sé á útfærslu þeirra, trúverðugleiki allrar keppni byggist á að allir séu alltaf að keppa eftir sömu sanngjörnu reglum, mótshaldarar og dómarar verða að vera mjög á verði gagnvart því að hvergi sé kvikað frá reglum og að skýrsluhald sé eins gott og best verður á kosið svo hægt sé að bæta utanumhaldið og laga það sem laga þarf

F h Keppnisnefndar

Siggi Ævarss